

1865.

7. ágúst.

57. Bréf dómsmálastjórnarinnar til sýslumannsins á Vestmannaeyjum, um kornkaup sökum hallæris þar á eyjunum.

Eftir áskorun sveitarstjórnarinnar á Vestmannaeyjum hafði þér, herra sýslumaður, farið þess á leit í bréfi dags. 22. júní-mán. þ. á., að dómsmálastjórnin, til þess að afstýra almennu hungri meðal eyjarbúanna, hlutist til um, að 50–80 tonn af korni, helmingur rúgur og helmingur bankabygg, verði sendar upp til eyjanna og seldar sveitarstjórninni í hendur til umráða, annaðhvort sem gjöf, eða ef það fæst ekki, þá sem leigulaust lán, er borgað verði á 8 árum í röð, áttundi hluti á ári hverju.

En þaræð sjá má á bréfi yðar, að sveitarsjóður Vestmannaeyja á efni, sem eru meir en nóg til þess að borga með korn það, sem beðið er um, getur ekki verið umtalsmál að fara fram á, að fæ það, sem þarf til kornkaupanna, verði veitt sveitinni sem gjöf; ekki getur stjórnarráðið heldur álitid hagfellt að taka lán í því skyni, og hefir stiptamtmaðurinn yfir Íslandi verið á sama máli um það. Aptur á móti hefir verið gjörður sá samningur við N. N. Bryde, íslenzkan kaupmann, að hann hefir skuldbundið sig til að láta sveitarstjórnina á Vestmannaeyjum fá 25 tonn af rúgi og 25 tonn af bankabyggi í verzlun sinni þar á eyjunum fyrir 400 ríkisdali alls, eða rúgtunnuna fyrir 7 rd. og bankabyggstunnuna fyrir 9 rd., og verður honum greidd andvirðið úr aðalfjárhirzlu ríkisins hér í bænum, en aðalfjárhirzlunni aptur endurgoldið fæ þetta á þann hátt, að 400 rd. verða borgaðir í jarðabókarsjóð Íslands af fæ því, sem sveitarsjóður Vestmannaeyja á þar á vöxtum. Hefir stiptamtmanninum yfir Íslandi verið ritað í dag að annast um, að fæ þetta verði borgað í jarðabókarsjóðinn.

Vér sendum yður því skjal frá Bryde kaupmanni til verzlunarfulltrúa hans, um að láta korn þetta af hendi, til þess að þér gjörid þær ráðstafanir, sem þörf er á; sömuleiðis sendum vér yður fylgiskjöl þau, er voru með bréfi yðar.